

Sjálfsbjörg – félag hreyfihamlaðra í Ísafjarðarbæ.



Ísafirði 23. ágú 2018.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar,

Stjórnsýsluhúsinu,

Ísafirði.

Efni: 60 ára afmæli Sjálfsbjargar í Ísafjarðarbæ 29. sept. 2018

Þann 29. september n.k. eru 60 ár liðin frá stofnum Sjálfsbjargar á Ísafirði (nú Ísafjarðarbæ) og af því tilefni áformar félagið að minnst afmælisins með hófi. Félagið hefur frá upphafi unnið að hagsmunamálum fatlaðra og sérstaklega þeirra, sem eiga við hreyfihömlun að stríða. Enn í dag eru aðgengismál fatlaðra óásættanleg víða um land og m.a. hér í Ísafjarðarbæ.

Um nokkurra ára skeið hefur helsta tekjulind Sjálfsbjargar verið húsaleiga af húsnæði, sem félagið á með S.Í.B.S., við Mjallargötu á Ísafirði og hafa tekjurnar gengið óskiptar til skjólstæðinga félagsins hér á heimaslóð. Í ársbyrjun lauk leigutíma og hefur húsnæðið staðið autt, en áform eru nú uppi um að selja það. Vegna þessa eru fjárráð Sjálfsbjargar takmörkuð um þessar mundir og leitar félagið nú eftir stuðningi, m.a. frá bæjarsjóði Ísafjarðarbæjar að upphæð kr. 80.000.

Þá óskar Sjálfsbjörg eftir fundi með bæjarráði Ísafjarðarbæjar til að ræða málefni félagsins og sérstaklega aðgengismálin, sem eru nú sem áður helsta hagsmunamál hreyfihamlaðra á Íslandi.

Með kveðju og virðingarfyllst.

Fh. Sjálfsbjargar

Hafsteinn Vilhjálmsson, form. Sigríður Þórðardóttir, ritari.

Hafsteinn Vilhjálmsson. 898-6744.
Sigríður Þórðardóttir 6